

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnabrauns, Gjáhellu 2-4.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á afgreiðslufundi 14. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnabrauns, vegna lóðarinnar að Gjáhellu 2-4. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að mótaður er nýr byggingarreitur á lóðinni, B5, þar sem heimilt verður að reisa mannvirki allt að 10 m að hæð.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. mars 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2023